

Nd.

393. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendum, og skal hann vera eins og hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, allt að 2‰.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum allt að 1‰.

3. Af tünnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum allt að 0,5%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Heimilt er og að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum enn fremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúðafjölda, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja sliikum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kaптúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

9. gr.

Nú er sýsluvegasjóðsgjald innheimt í hreppi, og má þá samanlagt sýsluvegasjóðsgjald og fasteignaskattur til sveitarsjóðs eigi fara yfir hámark það, er í 1. gr. segir.

II. KAFLI

Um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

10. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga.

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til sjóðs þessa af tekjum þeim, sem innheimtar eru samkvæmt lögum nr. 128 31. des. 1935 og síðari breytingum á þeim lögum.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

11. gr.

Hlutverk jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, þó þannig, að hámark það, er getur í 73. gr. nefndra laga, fellur niður á meðan þessi kafli laganna er í gildi.
2. Að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

12. gr.

Árlega skal verja tekjum jöfnunarsjóðs til jöfnunar milli bæjar- og sveitarfélaga vegna kostnaðar þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum, og gilda um þá jöfnun ákvæði VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935.

Því af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar samkvæmt framansögðu, skal skipt jafnt milli bæjar- og sveitarfélaga í réttu hlutfalli við samanlagðan árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

Ef um smávægilegar eftirstöðvar er að ræða í þessu skyni, er ráðherra heimilt að ákveða, að þær skuli geymdar til næsta árs.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

14. gr.

Árlega skal semja reikning jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

15. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu jöfnunarsjóðs setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

III. KAFLI

Um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu, og ákveður hann þá laun hans, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

17. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta framfærslumál hreppa og kaupstaða, tillög þeirra til tryggingarmála, svo og annara þeirra skýrslna og upplýsinga, er nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fáiast um þessi atriði og um fjárhag þeirra.

18. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna er jafnframt forstjóri jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga og hefir á hendi öll dagleg störf og afgreiðslu sjóðsins. Hann annast skiptingu og útborgun framfærslufjár og annara greiðslna úr jöfnunarsjóði til bæjar- og sveitarfélaga, að fengnu samþykki ráðherra.

19. gr.

Nú er bæjar- eða sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart rikissjóði eða rikisstofnunum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem rikissjóður er í ábyrgð fyrir, og er eftirlitsmanni þá skylt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum bæjar- eða sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

20. gr.

Atvinnumálaráðuneytið safnar upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggja á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag þeirra. Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita bæjar- og sveitarfélögum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, um fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

21. gr.

Nú þarf sveitarfélag á sérstakri hjálp að halda fram yfir það, er í II. kafla getur, og getur ráðherra þá ákveðið, að sveitarfélagið skuli háð sérstakri umsjón eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og sett, að fengnum tillögum hans, sérstakar reglur um meðferð málefna þess, er gildi tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 1 ár í senn, og má þar ákveða, að ekkert megi greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki eftirlitsmanns eða umboðsmanns hans á staðnum.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að fela eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna að hafa með höndum skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur þar að lútandi.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

24. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

25. gr.

Frá 1. janúar 1939 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.

3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsvíkurbreppi.
5. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
6. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
7. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
8. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
9. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
10. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.
Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Bráðabirgðaákvæði.

Að svo miklu leyti sem tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga hrökkva til þess, skal framkvæma á árinu 1938 fulla jöfnun framfærslukostnaðar fyrir árin 1936 og 1937, áður en framkvæmd verður jöfnun fyrir framlög til elli- og örorkutrygginga og kennaralauna, og eigi heldur framkvæmd skipting eftirstöðva í sjóðnum, þó einhverjar verði, fyrr en fullri jöfnun er lokið fyrir bæði árin 1936 og 1937.